



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

ART á Suðurlandi

Mat á framkvæmd og ávinningi verkefnisins

Júlí 2009

Andrea G. Dofradóttir

Hrefna Guðmundsdóttir

Efnisyfirlit

Yfirlit um helstu niðurstöður	2
Inngangur	4
ART á Suðurlandi	4
ART - Aggression Replacement Training.....	5
Um rannsóknir á ART þjálfun.....	5
Hlutverk Félagsvísindastofnunar	6
Fyrirvari um matsaðferð	6
Aðferð.....	7
Fyrirliggjandi gögn	7
Viðtöl	7
Niðurstöður	8
Þörf á úrræði	8
Umfang verkefnisins - í tölum	9
Áhrif ART þjálfunar	10
Börn með hegðunar- og tilfinningavanda	10
Önnur börn – hinn almenni nemandi.....	12
Fjölskyldan og heimilislíf.....	13
Bekkjar- og skólastarf	14
Gagn og gaman.....	15
Forvarnargildi ART þjálfunar.....	16
ART teymið	17
Áhersla á samvinnu	19
Um ART og aðrar aðferðir	19
Hindranir í starfsemi ART á Suðurlandi	20
Framhaldið.....	22
Lokaorð.....	23
Heimildir	24

Yfirlit um helstu niðurstöður

- ART þjálfunaraðferðin kemur til móts við skort á úrræðum á fleiru en einu sviði. Annars vegar sem meðferðarúrræði fyrir börn sem glíma við alvarleg tilfinninga- og hegðunarvandkvæði og hins vegar sem tæki til að halda uppi almennum aga og góðum samskiptum í skólastarfi.
- Umfjöllun um umfang verkefnisins í tölum gefur til kynna að ART þjálfunaraðferðin og sú þjónusta sem verkefnið ART á Suðurlandi býður upp á hafi náð umtalsverðri útbreiðslu í skólum og öðrum stofnunum sem sinna börnum og ungmennum á Suðurlandi. ART teymið hefur sömuleiðis unnið að þjálfun í ART utan Suðurlands.
- Af lýsingum skólastjórnenda, kennara, foreldra og barna að dæma má ætla að ART þjálfun hafi umtalsverð jákvæð áhrif á börn sem glíma við alvarlegan tilfinninga- og hegðunarvanda. Áhrifin koma ekki aðeins fram í bættum lífsgæðum barnanna heldur fjölskyldna þeirra og annarra í þeirra nánasta umhverfi.
- ART þjálfun virðist ekki einungis nýtast börnum með tilfinninga- og hegðunarvanda heldur flestum börnum. Þar virðist skipta mestu sú þjálfun sem á sér stað í félagsfærni sem færir þeim aukið sjálfstraust og öryggi í samskiptum. Þá virðist ART þjálfun koma einkar vel til móts við börn sem eru lokuð og feimin.
- ART meðferðarteymið leggur ríka áherslu á þátttöku foreldra í ART þjálfun barna með tilfinninga- og hegðunarvanda með það fyrir augum að hámarka árangur þjálfunarinnar og tryggja yfirfærslu hennar á daglegt líf barnsins. Það er skoðun þeirra aðila sem koma að vanda þessara barna að þátttaka foreldra gegni veigamiklu hlutverki í þeim árangri sem næst. Þá virðast foreldrar almennt, jafnt barna með hegðunarvanda sem og annarra barna sem hafa tekið þátt í ART þjálfun, vera á því að þjálfunin hafi haft jákvæð áhrif á samskipti barnanna við foreldra jafnt sem systkini.
- ART þjálfun barna og ungmenna virðist skila sér í bættu bekkjar- og skólastarfi. Kennarar og skólastjórnendur telja að ART sé árangursrík aðferð til að halda uppi aga og skapa góð samskipti í skólastarfi, ekki eingöngu með betri stjórn á hegðun barna sem glíma við hegðunarvanda, heldur einnig almennt meðal nemenda. Að þeirra mati skortir kennara almennt betri undirbúning í bekkjar- og agastjórnun. Eftir að hafa tileinkað sér ART aðferðina telja þeir sig hins vegar hafa yfir að ráða skilvirkri aðferð til að stýra fjölbreyttum hópi nemenda.
- ART þjálfun hefur almennt mælst vel fyrir meðal barna og foreldra og þykir mjög skemmtileg. Alla jafna virðast nemendur og foreldrar hafa ánægju af þjálfuninni og að sögn kennara og skólastjórnenda gætir oft ákveðinnar óþreyju meðal nemenda, sem ekki hafa sótt slíkar kennslustundir, að fá tækifæri til þess.
- Að mati aðstandenda og þátttakenda ART á Suðurlandi er ART þjálfun öflug forvörn fyrir börn og ungmenni. Í því sambandi eru nefnd þau börn sem glíma við alvarleg tilfinninga- og hegðunarvandkvæði og þau sem eru feimin, lokuð og halda sig til hlés í skólastarfinu. Þá er leitt að því líkum að þjálfunin nýtist börnum almennt í lífinu og við uppeldi eigin barna.

- ART teymið hefur unnið umfangsmikið starf á þeim stutta tíma síðan verkefnið hófst. Teymið hefur fyrir það fyrsta þjálfað stóran hóp starfsfólks skóla og stofnana á Suðurlandi í ART og heldur um þessar mundir slík námskeið á fleiri stöðum á landinu. Það var einróma skoðun viðmælenda að ART teymið gegndi veigamiklu hlutverki í því að koma ART þjálfun af stað í skólum. Þá var talað um að með stuðningi teymisins og handleiðslu væri líklegra að ART þjálfun næði fótfestu í skólastarfinu. Sömuleiðis hefur ART teymið sinnt meðferð umtalsverðs fjölda barna sem glíma við tilfinninga- og hegðunarvanda. Að mati skólastjórnenda, kennara, foreldra og annars fagfólks sem koma að málum þessara barna, hefur teymið unnið öflugt og ómissandi starf í meðferð þeirra og bar ánægja og þakklæti foreldra þessara barna því vitni. Sömuleiðis hefur teymið unnið umtalsvert kynningarstarf á verkefninu og ART aðferðinni, bæði á Suðurlandi og á nokkrum stöðum víðsvegar um landið.
- ART aðferðin hefur þann kost að allir sem koma að umönnun og þjónustu við börn geta tileinkað sér aðferðina, óháð fagstétt. Það er mat þátttakenda að mikilvægt sé að sem flest starfsfólk skóla, aðrir fagaðilar og foreldrar geti beitt aðferðinni í þeirri viðleitni að tryggja yfirfærslu þjálfunarinnar í sem flestum aðstæðum barna og ungmenna.
- Í skólastarfi víðsvegar um landið er starfsfólk að prófa sig áfram með og beita mismunandi aðferðum eða hugmyndafræði og er ART þjálfunaraðferðin ein þessara aðferða. Að mati deildarstjóra skóladeildar Akureyrarbæjar eiga flestar þessar aðferðir það sameiginlegt að áhersla er lögð á að nálgast einstaklinginn á jákvæðan hátt og bjóða upp á hagnýtar aðferðir til að takast á við hegðunarvanda. Það er mat deildarstjórans að erfitt sé að gera upp á milli aðferða um það hversu miklum árangri þær skili og að mikilvægt sé að fleiri en ein viðurkennd aðferð standi til boða.
- Skólaskrifstofa Suðurlands hefur ekki stjórnarsýsluvald yfir skólastofnunum á Suðurlandi og getur því ekki krafist þess að ART þjálfun sé innleidd í starfsemi skólanna. Aðstandendur verkefnisins hafa því þurft að afla verkefninu fylgis í skólum og stofnunum. Í einstaka tilvikum hefur það ekki tekist sem skyldi.
- Almennt virðist ekki vera andstaða meðal nemenda og foreldra að hefja þjálfun í ART. Skólastjórnendur eru þeirrar skoðunar að ART þjálfun feli í sér aukinn fjárhagslegan kostnað fyrir skólana sem þeir telja þess virði, sé litið til þess árangurs sem þjálfunin leiðir af sér.
- Skólastjórnendur og aðrir fagaðilar telja mikilvægt að starfsemi ART teymisins sé til staðar og að viss hættu sé á að verkefnið leggist af í þeim skólum og stofnunum þar sem það er komið af stað ef teymisins njóti ekki lengur við. Aðstandendur ART á Suðurlandi hafa miklar áhyggjur af frekari fjármögnun verkefnisins.
- Af ummælum kennara, skólastjórnenda og annara fagaðila að dæma er ART þjálfun komin til að vera í skólastarfi á Suðurlandi og í starfi með börn og ungmenni sem glíma við tilfinninga- og hegðunarvanda. Almennt voru skýr áform um að þróa frekar og innleiða ART þjálfun í starfsemi þeirra. Í þessu sambandi var mikilvægi ART teymisins ítrekað, en eins og komið hefur fram höfðu margir áhyggjur af því að frekari þróun og innleiðing ART þjálfunar myndi lognast út af nyti þess ekki við.

Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum úttektar Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands á verkefninu ART á Suðurlandi. Úttektin er unnin fyrir menntamálaráðuneytið að beiðni þess.

ART á Suðurlandi

Árið 2006 heimilaði menntamálaráðuneytið Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Skólaskrifstofu Suðurlands að reka tilraunaskóla fyrir börn og unglinga á Suðurlandi sem glíma við hegðunar- og tilfinningaraskanir. Verkefnið ART á Suðurlandi var þá sett á laggirnar með tilkomu náms- og meðferðarúrræðisins Gaulverjaskóli. ART á Suðurlandi er nú á sínu fjórða starfsári.

ART á Suðurlandi var kostað af 14 aðildarsveitarfélögum, menntamálaráðuneytinu og Velferðarsjóði barna. Verkefnið nær yfir allt Suðurland, eða frá Hellisheiði í vestri til Lómagnúps í austri, að meðtöldum Vestmannaeyjum (sjá nánar um verkefnið á <http://art.sudurland.is>).

Verkefnið hefur einkum tvíþætt hlutverk. Annars vegar er um að ræða meðferðarúrræði þar sem unnið er með börn sem glíma við hegðunar- og tilfinningavanda. Hins vegar forvarnarstarf sem felst einkum í útbreiðslu ART þjálfunar í grunn- og leikskólum á Suðurlandi. Eins og fram kemur í starfsreglum á heimasíðu ART á Suðurlandi er markmið verkefnisins að:

- veita nemendum með hegðunar- og tilfinningaraskanir meðferðarúrræði við hæfi
- auka náms- og félagslega færni nemenda
- gera nemendur að virkum, ánægðum og sjálfbjarga þjóðfélagsþegnum, m.a. með því að þjálfra félagsfærni, sjálfstjórn og siðferðisþroska nemenda í samvinnu við skóla og heimili

Stefnt var að því að reka Gaulverjaskóla í þrjú ár en að tveimur og hálfu ári liðnu var hins vegar ákveðið að leggja hann niður og starfsemin færð út í heimaskóla þeirra barna sem voru til meðferðar í Gaulverjaskóla. Þetta var gert í samræmi við þá áherslu sem lagt var upp með í upphafi verkefnisins, að yfirfæra þann árangur og þá þjálfun sem börnin höfðu hlotið í meðferðinni og fylgja þeim eftir í þeirra eigin umhverfi.

Framkvæmdastjóri Skólaskrifstofu Suðurlands fer með yfirstjórn verkefnisins en verkefnisstjóri ART á Suðurlandi sér um daglegan rekstur þess. ART meðferðarteymið, sem vinnur að framkvæmd verkefnisins, er skipað þremur starfsmönnum sem fylla alls 2,5 stöðugildi og er einn þeirra verkefnisstjóri. Inntökuráð fjallar um og afgreiðir umsóknir sem berast ART meðferðarteyminu, en það skipa framkvæmdastjóri Skólaskrifstofu Suðurlands, sálfræðingur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, barnalæknir og verkefnisstjóri ART á Suðurlandi.

Helstu verksvið ART teymisins eru:

- Meðferð og eftirfylgni barna með hegðunar- og tilfinningaraskanir
- Námskeiðahald og handleiðsla við starfsfólk skóla og stofnana í ART þjálfun
- Fræðsla og kynningarstarfsemi um ART á Suðurlandi

Eins og fram kemur í starfsreglum ART teymisins á heimasíðu verkefnisins (<http://art.sudurland.is>) veitir teymið starfsfólki heimaskóla og foreldrum viðkomandi nemenda ráðgjöf og handleiðslu og vinnur náið með öðrum stofnunum og aðilum sem koma að málum viðkomandi nemenda s.s.

heilsugæslu, félagsþjónustu og Barna- og unglingsgeðdeild. Sömuleiðis vinnur teymið að því að auka færni starfsfólks skóla til að takast á við erfiða hegðun og vanlíðan nemenda. Teymið veitir þessum hópi ráðgjöf og fræðslu með ART námskeiðum, handleiðslu og þjálfun.

ART - Aggression Replacement Training

Aggression Replacement Training er þjálfunaraðferð sem byggir á hugrænni atferlismótun og var þróuð með það að markmiði að taka á tilfinninga- og hegðunarvanda fólks, einkum barna og ungmenna. Höfundur aðferðarinnar er prófessor Arnold P. Goldstein en hann kynnti aðferðina til sögunnar með útkomu bókarinnar ART árið 1987 (Goldstein, Glick og Gibbs, 1998).

ART aðferðin byggir á þeirri hugmyndafræði að árangursríkasta leiðin til að draga úr og koma í veg fyrir árásargirni og ofbeldisfulla hegðun (*aggressive behavior*) barna og ungmenna felist í því að hafa áhrif á þá meginþætti sem liggja til grundvallar slíku atferli, þ.e. á hegðun, hugsun og tilfinningar. Samkvæmt hugmyndafræði ART eru einstaklingar með lélega félagsfærni líklegri til að hegða sér með ofbeldisfullum hætti. Sömuleiðis á slík hegðun oft rætur sínar að rekja til reiði sem skapast þegar einstaklingurinn mistúlkar samskipti sín við aðra. Þá er dæmigert að slík mistúlkun og ranghugsun fái byr undir báða vængi vegna þess tilfinningaástands sem hún vekur. Af þessum sökum skiptist ART þjálfunaraðferðin í þrjá meginþætti:

1. Félagsfærniþjálfun (skillstreaming)
2. Reiðistjórnun (anger control training)
3. Efling siðgæðisþroska (moral reasoning training)

Félagsfærniþjálfun felur í sér að unnið er á hegðunarþætti árásargirni, þjálfun í reiðistjórnun tekur á tilfinningaþættinum og með eflingu siðgæðisþroska er unnið á ranghugsunum og mistúlkunum (Goldstein o.fl., 1998).

Eins og fram kemur á heimsíður ART á Suðurlandi hefur ART þjálfunaraðferðin notið vaxandi velgengni víðsvegar í heiminum á þeim áratugum sem hún hefur verið til staðar. Henni er beitt á hinum ýmsu stofnunum og í skólum sem meðferð á börnsem glíma við tilfinninga- og hegðunarvanda en einnig færist í vöxt að henni sé beitt almennt í skólastarfi sem aðferð í aga- og bekkjarstjórnun.

Alþjóðasamtökin ICART (International Communicator for ART) voru stofnuð árið 2001 í Svíþjóð, en hlutverk þeirra er að vinna að hagnýtingu og rannsóknum á ART þjálfunaraðferðinni (sjá nánar um ICART á www.ICARTnet.org).

Um rannsóknir á ART þjálfun

Úttektin á verkefninu ART á Suðurlandi felst einkum í því að gera grein fyrir verkefninu, hverju hefur orðið ágengt á verkefnatímabilinu og leita eftir sjónarmiðum þeirra sem hafa komið að verkefninu, bæði stjórnendum þess og þeirra sem hafa nýtt sér þjónustu þess. Ítarleg umfjöllun um rannsóknir á áhrifum ART þjálfunar og samanburður ART aðferðarinnar við aðrar aðferðir af svipuðum toga er því ekki gerð ítarleg skil.

Samkvæmt niðurstöðum rannsókna eru margir mismundi þættir sem spá fyrir um og hafa áhrif á tilfinninga- og hegðunarvanda barna og ungmenna. Forvarnaaðferðir og meðferðarúrræði ættu því að miða að því að hafa áhrif á þessa þætti. Nokkrar rannsóknir hafa metið áhrif slíkra aðferða og á

undanförnum árum hefur samhljómur aukist um það hvaða þætti og samsetningu þeirra gefst vel að vinna með. Þau inngríp sem hafa gefið hvað mestar væntingar um árangur eru þau sem vinna með þætti sem tengjast hegðunarvanda, s.s. að breyta andfélagslegum gildum og viðhorfum, draga úr samskipum við önnur börn sem sýna andfélagslega hegðun, auka sjálfstjórn og kenna félagsfærni. Flestar þær aðferðir sem hafa reynst árangursríkar byggja á hugrænni atferðisfræði og fela í sér þjálfun félagsfærni með einhverjum hætti (social competence) (Gundersen og Svartdal, 2006). Samkvæmt Gottfredson (1997) eru árangursríkustu aðferðirnar þær sem þjálfar margskonar félagsfærniþætti og, samkvæmt Sørli (2000), taka sömuleiðis beint á erfiðri hegðun (Gundersen og Svartdal, 2006).

Aggression Replacement Training (ART) er ein þeirra aðferða sem byggir einkum á því að þjálfar börn og ungmenni í félagsfærni og ráðast beint að erfiðri og ofbeldisfullri hegðun með því að þjálfar sjálfstjórn. Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á árangri ART þjálfunar, einkum í Bandaríkjunum (þar sem aðferðin var upphaflega mótuð) en einnig á Norðurlöndunum. Niðurstöður þessara rannsókna benda til þess að ART þjálfun auki félagsfærni og draga úr hegðunarvanda barna og ungmenna (Goldstein o.fl., 1998; Nungent, Bruley og Winimaki, 1999; Gundersen og Svartdal, 2006).

Hlutverk Félagsvísindastofnunar

Eins og fram kemur í samningi um úttektina er markmið hennar að leita svara við því hvort ART þjálfunin sé árangursrík og hvernig tekist hefur til með verkefnið. Til að mynda er spurt hvort:

- þörf fyrir sérúrræði minnki
- líðan og hegðun markhópsins batni
- grunnskólar verði betur í stakk búnir til að takast á við börn með hegðunar- og tilfinningavanda
- hvaða börnum þjálfunin gagnist
- hvernig börnum, foreldrum og fulltrúum grunnskóla þykir verkefnið hafa gengið

Sömuleiðis er í stuttu máli greint frá rannsóknum á árangri ART þjálfunar (sjá kaflann hér að ofan um erlendar rannsóknir á áhrifum ART þjálfunar).

Fyrirvari um matsaðferð

Eins og sjá má í kaflanum um aðferð byggist úttektin á fyrirliggjandi gögnum um starfsemi verkefnisins en ekki hvað síst á viðtölum við hlutaðeigendur. Það gefur auga leið að sú aðferð sem hér er beitt getur ekki svarað öllum þeim spurningum sem velt er upp með afgerandi hætti. Sýn og afstaða þeirra sem hlut eiga að máli gefa hins vegar mikilvægar vísbendingar um það hvernig ART verkefnið hefur verið unnið og hvaða árangur það hefur borið.

Aðferð

Upplýsinga og gagna vegna úttektar á verkefninu ART á Suðurlandi var einkum aflað með tvennum hætti. Annars vegar er notast við ýmis fyrirliggjandi gögn um verkefnið og hins vegar byggist úttektin á viðtölum við helstu aðila sem standa að verkefninu og þátttakendur þess.

Fyrirliggjandi gögn

Ýmis fyrirliggjandi gögn eru til um verkefnið ART á Suðurlandi. Við úttektina var til að mynda stuðst við stuttar greinargerðir sem ART teymið og Skólaskrifstofa Suðurlands hafa skrifað á mismunandi tímamarkum verkefnatímabilsins um umfang verkefnisins og hvernig því hefur miðað.

Einnig var stuðst við handbækur og námsefni sem notað er við ART þjálfun. Auk þess sem kynningar-efni og aðgangur að heimasíðu ART á Suðurlandi var fyrir hendi. Heimasíðan er bæði kynningarsíða fyrir verkefnið og þjónustu- og stuðningssíða fyrir þá sem vinna með ART.

Sömu leiðis er um að ræða sýnishorn af vinnu grunn- og leikskólakennara sem lokið hafa námskeiði teymisins í ART þjálfun, bæði samantektarskýrslur þeirra við lok námskeiðs sem og myndbands-upptökur af vinnu kennara með ART í nemendahópi.

Viðtöl

Sú gagnaöflun sem hefur farið fram vegna úttektarinnar byggist ekki hvað síst á samtölum við ýmsa þá sem komið hafa að verkefninu með einum eða öðrum hætti. Bæði er um að ræða einstaklingsviðtöl og hópviðtöl (rýnihópar). Viðtölin voru hljóðrituð og að því loknu afrituð og greind. Tekin voru viðtöl við eftirfarandi aðila og einstaklinga, alls 27 manns:

- ART teymið, tvo af þremur núverandi starfsmönnum teymisins.
- Framkvæmdastjóra Skólaskrifstofu Suðurlands.
- Deildarstjóra skóladeildar Akureyrarbæjar.
- Stjórnarliða í Velferðarsjóði barna (símaviðtal).
- Verkefnisstjóra félagslegrar ráðgjafar hjá Fjölskyldumiðstöð Árborgar.
- Deildarstjóra Setursins, sérdeildar Suðurlands.
- Skólastjórnendur úr þremur grunnskólum, einn úr hverjum skóla (hópviðtal), þar af var einn þeirra ART þjálfari. Auk þess var tekið símaviðtal við skólastjóra og aðstoðarskólastjóra í einum grunnskóla til viðbótar.
- Þrjú grunnskólakennara úr tveimur skólum, einn kennara sem er ART þjálfari, einn sérkennara og þroskaþjálfari sem er ART þjálfari og einn kennara sem er ekki ART þjálfari (hópviðtal).
- Leikskólastjóra og leikskólakennara úr tveimur leikskólum, einn úr hvorum skóla (hópviðtal).
- Fjórir nemendur á mið- og efsta stigi grunnskóla, en tveir þeirra höfðu upphaflega sótt nám í Gaulverjaskóla.
- Foreldra þessara tilteknu nemenda.

Flest viðtölin fóru fram í húsnæði ART verkefnisins á Selfossi. Viðtölunum var meðal annars valinn þessi staður í hagræðingarskyni, þ.e. til að nýta sem best fjármuni og tíma sem ætlaður var til úttektarinnar samfara því að auðvelda viðmælendum að koma og hitta okkur. Þá var húsnæði ART hentugur staður til að ræða við foreldra og börn, sem mörgum hverjum þótti málefnið viðkvæmt, en þangað hafa þau flest sótt fundi reglubundið og þekkja því umhverfið vel.

Niðurstöður

Þörf á úrræði

Skólaskrifstofa Suðurlands stofnaði til verkefnisins ART á Suðurlandi fyrst og fremst með það fyrir augum að vinna á vanda barna og ungmenna sem glíma við hegðunar- og tilfinningavanda og rekast því illa í umhverfi sínu, jafnt í skóla sem á heimili. Eins og fram kom í máli Kristínar Hreinsdóttur, framkvæmdastjóra Skólaskrifstofu Suðurlands, skorti úrræði fyrir börn sem höfðu verið greind með hegðunar- og tilfinningaröskun:

...það sem olli okkur erfiðleikum í starfinu og „frústrasjón“ var að það voru engin úrræði eftir greiningarnar og þetta er bara eins og víða og við fengum þá gagnrýni að við værum bara að greina og greina og að svo gerðist ekki neitt. ...við vildum fá einhver úrræði, einhver hegðunarúrræði, eitthvað til að vinna með börnum sem eiga við þennan erfiða tilfinninga- og hegðunarvanda að stríða en falla ekki undir þessa geðþjónustu sem hefur verið í boði. Sem er mjög lítil og takmörkuð.

Í samtölum við ART teymið og framkvæmdastjóra skólaskrifstofunnar kom fram að Gaulverjaskóli hefði í raun verið hugsaður sem tímabundið úrræði þar sem notkun ART aðferðarinnar væri útfærð og starfsfólk þjálfað. Meginmarkmiðið væri hins vegar að vinna með börnunum í þeirra eigin umhverfi og innleiða ART þjálfunina í skólakerfið.

Þrátt fyrir að skortur á úrræðum fyrir börn með mikinn hegðunarvanda væri ástæða þess að ART á Suðurlandi var upphaflega hrint í framkvæmd virðist ART þjálfun engu að síður hafa breiðari skírskotun og nýtast í hinu almenna skólastarfi. Í samtölum við kennara og skólastjórnendur kom fram að áður en þeir fóru að beita ART þjálfun skorti þá aðferðir og „verkfæri“ til að halda uppi aga og góðum samskiptum innan bekkja og í skólastarfinu almennt. Talað var um að ART þjálfunarkerfið væri „töfrataeki“ og einn kennarinn hafði þetta að segja:

Mér finnst þetta bara allt annað líf að vera kennari eftir að ég lærði þetta. Ég fékk eitthvað rosalegt tæki upp í hendurnar.

Skólastjóri sagði um svokallað Bekkjar-ART, þ.e. þegar ART þjálfun fer fram í heilum bekk:

Þetta er að reynast alveg rosalega vel. Við sem erum búin að vera að kenna, ég meina ég er búin að kenna núna í 15 ár og maður er búinn að prufa ýmislegt, bara svona sem lífsleikniefni og annað sem að bara svona tekur á mörgum þáttum hvað varðar svona hegðun og annað. En þetta er alveg það allra besta. Engin spurning.

Leikskólastjóri hafði svipaða sögu að segja um að vissulega væri til ýmislegt gott efni til að vinna með en hún vissi ekki um neitt „eins skilvirkt“ efni sem leikskólakennarar hefðu aðgang að.

Það má því draga þá ályktun að ART þjálfunaraðferðin komi til móts við skort á úrræðum á fleiru en einu sviði; sem meðferðarúrræði fyrir börn sem glíma við alvarleg tilfinninga- og hegðunarvandkvæði og sem úrræði til að halda uppi almennum aga og góðum samskiptum í skólastarfi.

Umfang verkefnisins - í tölum

Í samtölum við stjórnendur ART á Suðurlandi og í greinargerðum Skólaskrifstofu Suðurlands kom fram að útbreiðsla verkefnisins í skólum á Suðurlandi hefur gengið vel. Alls hafa sjö manns hlotið réttindi til ART þjálfunar, þ.e. að þjálfa kennara og starfsfólk skóla og aðra fagaðila í notkun ART. Þessir þjálfarar hafa annars vegar unnið með börn sem glíma við tilfinninga- og hegðunarvanda og hins vegar unnið að útbreiðslu ART meðal starfsfólks í grunnskólum og leikskólum Suðurlands, sem og í félagsþjónustum á svæðinu.

Samkvæmt greinargerð um verkefnið frá því í október 2009 hefur eftirfarandi fjöldi starfsfólks skóla og annars fagfólks lokið námskeiði í ART þjálfun:

- 92 grunnskólakennarar
- 32 leikskólakennarar
- 7 sálfræðingar
- 9 félagsþjónustufulltrúar
- 10 aðrir fagaðilar, s.s. sérkennsluráðgjafar, stuðningsfulltrúar, iðjuþjálfar, þroskaþjálfar og námsráðgjafar

Þessir 150 einstaklingar hafa því réttindi til að beita ART þjálfun í bekkjum eða í minni hópum. Á Suðurlandi hafa alls 14 af 16 grunnskólum og 12 af 19 leikskólum á að skipa kennurum og starfsfólki með réttindi til ART þjálfunar. Langflestir þessara skóla eru virkir í notkun ART í skólastarfinu. Þetta felur í sér að þeir vinna markvisst að því að þjálfa nemendur með ART aðferðinni, annað hvort sem forvarnarúrræði með þjálfun á bekkjarvísu (Bekkar-ART) eða vinna með minni hópum og þá oft í samráði við ART teymið. Sömuleiðis felst virkni skólanna í að innleiða ART með þjálfun starfsfólks en margir skólanna vinna markvisst að því að þjálfa starfsfólk sitt. Til að mynda hafa átta grunnskólanna og sjö leikskólanna (þar af tveir nýjir) skráð hópa starfsfólks síns á námskeið í ART þjálfun hjá ART teyminu og Skólaskrifstofu Suðurlands nú í haust. Áhugi forsvarsmanna skóla og leikskóla á svæðinu sem hafa unnið með ART á því að þjálfa sem flesta í aðferðinni bendir eindregið til ánægju þeirra með það.

Auk þessa er ART þjálfun beitt í Setrinu, sérdeild Suðurlands og fjórar af sex félagsþjónustum á Suðurlandi eru að vinna með ART þjálfunaraðferðina í starfi sínu með börn og fjölskyldur. Alls hafa 48 kennarar og annað fagfólk skráð sig á námskeið Skólaskrifstofu Suðurlands í ART þjálfun nú í haust.

Alls stunduðu 22 börn nám- og meðferð í Gaulverjaskóla þau tvö og hálf ár sem hann var starfræktur. Um þessar mundir eru 13 fjölskyldur í meðferð hjá ART teyminu en þær níu fjölskyldur sem hafa lokið meðferð hafa enn aðgang að starfsfólki teymisins. Þá eru umsóknir um meðferð 19 barna sem bíða afgreiðslu hjá inntökuráði ART á Suðurlandi.

ART teymið hefur einnig haldið námskeið, kynningar og veitt handleiðslu utan Suðurlands, s.s. á Seltjarnarnesi, í Mosfellsbæ, Grindavík og á Akureyri. Um þessar mundir heldur teymið námskeið á Húsavík, en þar hefur starfsfólk félagsþjónustu og skóla hug á að innleiða ART þjálfun í Norðurþingi. Á haustmánuðum mun ART teymið halda námskeið fyrir starfsfólk grunnskóla á Austurlandi, alls 16 manns og áætlað er að starfsfólk félagsþjónustu á Austurlandi muni einnig sækja slíkt námskeið síðar á haustmisseri.

Þessi umfjöllun gefur til kynna að ART þjálfunaraðferðin og sú þjónusta sem verkefnið ART á Suðurlandi býður upp á hafi náð umtalsverðri útbreiðslu í skólum og öðrum stofnunum sem sinna börnum og ungmennum á Suðurlandi, á þeim ríflega þremur árum sem unnið hefur verið að verkefninu.

Áhrif ART þjálfunar

Í viðtölum sem við áttum við skólustjórnendur, kennara, foreldra og nemendur kom skýrt fram það sjónarmið að ART þjálfun hafi jákvæð áhrif á margvíslegum sviðum. Það sem einkum var bent á í því samhengi og kom ítrekað fram í viðtölunum var sú skoðun að ART þjálfun hefði jákvæð áhrif á hegðun barna og ungmenna með hegðunar- og tilfinningavanda en einnig á aðra hópa nemenda. Kennarar og skólustjórnendur lýstu sömuleiðis þeirri skoðun sinni að ART þjálfun hefði jákvæð áhrif á bekkjar- og skólastarf. Þá kom fram sú skoðun að ART þjálfun stuðlaði að betra fjölskyldu- og heimilislífi og samskiptum heimilis og skóla, ekki hvað síst meðal fjölskyldna þeirra barna sem glímdu við alvarlegan hegðunar- og tilfinningavanda.

Börn með hegðunar- og tilfinningavanda

Segja má að börn og ungmenni sem glíma við alvarlegan hegðunar- og tilfinningavanda séu í raun markhópur ART á Suðurlandi. Starfsemi Gaulverjaskóla var byggð upp í kringum þennan hóp barna og ungmenna, þar sem markmiðið var að þróa meðferðarúrræðið og þjálfu starfsfólk í notkun ART þjálfunaraðferðarinnar. Þannig var miðað við að börn sem glímdu við þennan vanda sæktu nám og meðferð um tíma í Gaulverjaskóla en færu í kjölfarið aftur í sinn heimaskóla og nytu þar stuðnings teymisins.

Ljóst er að vandi þessara barna og ungmenna er um margt erfiður viðureignar og úrræði af skornum skammti í þeirra nánasta umhverfi. Foreldrar pilts sem sótti Gaulverjaskóla lýstu tilfinninga- og hegðunarvanda sonar síns á eftirfarandi hátt:

Hann var bara lokaður. Missti stjórn á sér. Hann átti bara erfitt með að tjá sig og... bara allt. Hann sprakk bara, brást bara við með látum. Var bara farinn að grýta með stólum og borðum og hafði bara enga stjórn á sér. Bara orðið þannig að hann var ekki lengur velkominn í skólann.

Foreldrar unglingspilts sem átti í svipuðum vanda sögðu að það hefðu einfaldlega allir sem að honum komu verið „...við það komnir að gefast upp. Sama hvort það var skóli eða hvar sem við drepum niður fæti“. Móðir hans sagði að í skólanum hefðu verið „stöðugar uppákomur“ og að hún hefði þurft að vera laus við í vinnunni til að sækja hann í skólann þegar minnst varði. Þannig sagði hún að sumar vikur hefðu „verið martröð“:

Þá gat hann verið kominn upp á húspak eða lá grátandi og berjandi hausnum í vegg og bara algjörlega í öngum sínum. Og fólk vissi ekki hvernig það átti að nálgast hann. Og hann hafnaði þeirra aðstoð þegar hún kom.

Pilturinn sem foreldrarnir lýstu með þessum hætti lýsti sjálfur einu slíku atviki í skólanum:

Það var búið að vera geðveikt lélegur dagur og síðan var kennari að ásaka mig um að taka blað frá nemanda og hann alveg var ekki að hlusta á mig og ég fékk alveg kast og gaf honum massíft olnbogaskot í rifbeinið og braut það. Eitt eða tvö. Og fór síðan út um neyðarútganginn.

Að sögn móður hans hafði engin framþróun orðið í skólagöngu hans í nokkur ár áður en hann byrjaði í „ARTinu“: „Það var ekkert nám, hann var bara í skólanum. En lærði ekki staf“.

Þeir skólastjórnendur og kennarar sem við töluðum við, auk barna með tilfinninga- og hegðunarbætur og foreldra þeirra, voru sammála um að ART þjálfunin hefði haft umtalsverð áhrif á hegðun barnanna og líðan. Það var samdóma álit þeirra að með ART þjálfuninni hefðu þessi börn (oftast piltar) mun betri stjórn á skapi sínu, sýndu minni árásargirni og öðluðust almennt meiri félagsfærni. Kennari, sem hafði þjálfað hóp pilta í ART, sem flestir áttu „mjög erfitt“, sagði að þetta hefðu verið „...gaurar sem voru kannski alveg að springa í tímum“ en að nú væru „...þeir bara farnir að labba út og setjast niður í stað þess að allt logaði í slagsmálum“. Sömuleiðis hafði hann á orði að sér þætti það „...alveg hreint bara magnað hvað er farið að síast inn og hvað þeir eru farnir virðist vera að nýta sér þetta“. Þá tiltók skólastjóri hversu „yndislegt“ það væri að sjá hvað hefði orðið „stórkostleg breyting“ á krökkum sem höfðu „sýnt svona sérstaklega hart yfirbragð, svona *attitude*“ og nefndi að nú kæmu þeir og „faðma mann og kyssa“.

Kennari sem hafði ekki sjálf réttindi til að beita ART þjálfun en hafði kennt nemendum sem höfðu hlotið slíka þjálfun nefndi dæmi um bekk þar sem hafði verið „ansi ansi erfitt ástand“ en eftir að nemendurnir höfðu hlotið ART þjálfun hefði það verið „...þvílíkur munur. Það bara er ekki hægt að lýsa því eiginlega“. Þannig sagði hún að það hefði skapast mun meiri vinnufriður og „...viðkomandi aðilum líður svo miklu betur. Það er nefnilega, það er svo sýnilegt“.

Foreldrar unglingspilts sem sótti Gaulverjaskóla um tíma en var svo fylgt eftir af ART teyminu í heimaskóla sínum lýstu þátttöku piltsins í Gaulverjaskóla og ART þjálfun sem „þjörgunarhring“ og „líflínu“ sem hefði breytt mjög miklu eftir „...geysilegt álag á alla fjölskylduna í langan tíma“. Þau sögðust fljótlega hafa merkt „góða breytingu“ á drengnum og að honum hefði farið að líða betur og taka færri bræðisköst. Þau voru sammála um að þau sæju „stóran mun á þessum strák“. Foreldrarnir þökkuðu það því að í ART þjálfuninni hefði hann lært „ákveðna samskiptatækni“. Þegar talað var við þennan pilt sagði hann sjálfur frá þessari breytingu. Hann sagðist hafa lært mikið á því að vera í Gaulverjaskóla og að þar hefði verið frábært að vera. Hann talaði um að hann hefði lært að bregðast við aðstæðum sem áður ollu honum mikilli reiði og ofsafengnum viðbrögðum. Hann hafði mest tileinkað sér reiðistjórnunaraðferðirnar úr ART þjálfuninni, svo sem „að fara í burtu...og anda“ í stað þess að áður hefði hann brugðist við með því að beita líkamlegu ofbeldi. Í hans huga var ART „gott“, „...það heldur manni við efnið“, hjálpaði sér „...að ná markmiðum sínum“ og kenndi sér „bara að vera betri manneskja“.

Í máli kennara kom fram að það að geta komið sér undan átökum og slagsmálum efldi sjálfstraust: „...að geta hunsað það bara og labbað í burtu. Þeir eru svo miklir sigurvegarar en ekki alltaf þessir taparar sem eru alltaf að lenda í slagsmálum og leiðindum“.

Foreldrar annars pilts höfðu svipaða sögu að segja um áhrif ART þjálfunar á árásargirni og stjórnlausa hegðun sonar síns en þökkuðu ART þjálfuninni sömuleiðis bættu færni í samskiptum:

„...maður sá alltaf fleiri og fleiri breytingar á honum. Bara á hegðunarmynstri. Hann byrjaði að tjá sig og segja hvað honum fannst og um leið og eitthvað kom upp á þá sagði hann okkur frá því. Þetta var alveg nýtt fyrir okkur. Alveg sama hvernig honum leið eða hvað kom upp í skólanum, hann sagði okkur aldrei neitt. Hann bældi það allt inn í sér.“

Móðir piltsins tilgreindi sömuleiðis að þessa auknu félagsfærni mætti meðal annars sjá á því að áður fyrr hefði hann ekki heilsað með handabandi og kynnt sig eins og hann gerði til dæmis þegar hann kom til okkar í viðtalið: „Hann hefði aldrei gert það fyrir ári síðan, aldrei.“ Til marks um aukna félagsfærni sögðu þau sömuleiðis að „...fólk hafði bara aldrei séð hann brosa. Núna sest hann bara niður, er opinn og bara byrjar að tala“.

Af þeim lýsingum að dæma sem hér koma fram má ætla að ART þjálfun hafi umtalsverð jákvæð áhrif á börn sem glíma við alvarlegan tilfinninga- og hegðunarvanda. Ekki er eingöngu um að ræða bætt skilyrði og lífsgæði fyrir börnin heldur jafnframt fyrir fjölskyldur þeirra og umhverfi.

Önnur börn – hinn almenni nemandi

Þrátt fyrir að ART aðferðin hafi einkum verið mótuð með það fyrir augum að vinna með börn með hegðunarvanda kom það engu að síður ítrekað fram og var samdóma álit viðmælenda okkar í hópi skólastjórnenda og grunn- og leikskólakennara að ART þjálfun nýttist flestum börnum. Enda er það svo að margir skólanna vinna með ART á bekkjarvísu eða minni hópa af börnum sem eru blandaðir krökkum sem eiga við hegðunarvanda að stríða og krökkum sem eiga ekki í neinum sérstökum vanda. Einn skólastjórnandinn sagðist til að mynda „...strax (sjá) mikinn mun á þeim, ég meina þó að þau hafi ekki verið svona case eins og maður segir en þau bara kunna sig“ og kennari sagðist „...bara (sjá) börnin breytast...þau verða kurteisari“. Móðir leikskólastúlku sagðist „...finn(a) það bara heima að þetta (væri) að virka“ og skólastjóri hafði þetta að segja um skoðun foreldra almennt á ART þjálfun:

Það mælist mjög vel fyrir og það einmitt, þetta hefur komið frá foreldrum bara á foreldradögum. Eins og einn sagði bara; „Mér finnst hann bara hafa breyst svo mikið síðan þið fóruð í ARTið í haust“. Þú veist, þetta kom bara frá foreldri.

Móðir pilts sem hafði fengið þjálfun í ART í hópi pilta sem kennarar töldu að þyrfti að hafa betri stjórn á, „...ekki fyrir neina hrekki og einelti eða neitt svoleiðis heldur bara málæði og eitthvað svoleiðis“, sagði að þjálfunin hefði haft jákvæð áhrif á piltinn: „Mér finnst þetta hafa hjálpað og við náum betur saman og hann hættir fyrr [að rökræða], ég næ betur til hans“.

Fulltrúi félagsþjónustu og skólastjóri greindu sömuleiðis frá hópi unglingsstúlkna sem var að byrja þjálfun í ART, stúlkur sem væru allar „inni á borði hjá félagsþjónustunni“ og „fannst að þyrftu svona einhverja leiðbeiningu varðandi svona siðferðisleg mál“. Þær voru valdar í þennan hóp í þeim tilgangi að „...byggja þær upp, sjálfstraustið.“

Að mati kennara og skólastjórnenda er það þjálfunin í félagsfærni sem hefði einkum áhrif á hinn venjulega nemanda. Það kom skýrt fram að mörg börn og ungmenni hefðu í raun ekki vald á ýmiskonar grunnfélagsfærni og að ART þjálfaði þessa færni sértaklega sem síðan gæfi þeim aukið sjálfstraust og öryggi í samskiptum. Í þessu sambandi voru nefnd dæmi um foreldra sem, í kjölfar ART þjálfunar, hefðu gefið þessari auknu færni og sjálfsöryggi gaum í fari barna sinna og nemendur sem sögðust vera „miklu öruggari“ og lausir við feimni. Kennari sagðist meðal annars hafa hugsað með sér að hann vonaði að börnin sín fengju slíka þjálfun.

Viðmælendur okkar voru á eitt sáttir um að ART þjálfun nýttist jafnt börnum sem væru lokuð og feimin og héldu sig til baka og þeim sem væru óstýrilát og þyrfti að hemja. Talað var um að þessi hópur nemenda „blómstraði“ og að sjálfmynd þeirra eflidist í kjölfar ART þjálfunar. Kennari hafði þetta eftir nemanda sínum um árangur ART þjálfunar: „Ég er hættur að vera feiminn, mér finnst ég

alltaf vera svo öruggur þegar ég er innan um annað fólk“. Leikskólastjórnandinn sem við töluðum við sagði almennt væri mun meira unnið með „óstýrilátu börnin“ en þau sem væru feimin og til baka. Það væri einfaldlega þannig að umhverfið krefðist þess. Hún sagðist hins vegar hafa lagt sig sérstaklega fram um að ná til þeirra barna sem væru lokuð og feimin með ART þjálfuninni og að þau væru „...bara að sjá alveg frábærar breytingar, með svona tilbakabörn.“ Að hennar mati hafði sjálfstraust þeirra aukist „mjög mikið“, meira en kennarar höfðu vonað. Í þessu sambandi tók skólastjórnandi dæmi um tvo nemendur sem í kjölfar ART þjálfunar óskuðu eftir einkaviðtali hjá kennaranum þar sem þeir sögðu frá „erfiðum málum á heimili“ og voru með því „að leita sér hjálpar“.

Art þjálfun virðist ekki einungis nýtast börnum með tilfinninga- og hegðunarvanda heldur flestum börnum. Þar virðist skipta mestu sú þjálfun sem á sér stað í félagsfærni sem færir þeim aukið sjálfstraust og öryggi í samskiptum. Þjálfunin virðist koma einkar vel til móts við börn sem eru lokuð og feimin.

Fjölskyldan og heimilislíf

Í viðtölum okkar við aðstandendur ART á Suðurlandi kom fram að sérstök áhersla er lögð á þátttöku foreldra í meðferð á börnum með tilfinninga- og hegðunarvanda, þ.e. með svokallaðri fjölskyldu-ART þjálfun. Fram kom að áhersla á fjölskyldu-ART þjálfun er ekki endilega annarsstaðar þar sem ART er notað sem meðferðarform. Sömuleiðis kom fram að rík áhersla væri lögð á samstarf við alla þá aðila sem koma að hverju barni, s.s. skóla, fjölskyldu og félagsþjónustu, þannig að allir töluðu „sama tungumál“ og að barnið ætti sem auðveldast með að yfirfæra þá þjálfun sem ætti sér stað yfir á sem flestar aðstæður í umhverfi þess.

Í samtölum okkar við skólastjórnendur og fleiri kom fram að þátttaka foreldra skipti miklu um hvernig til tækist í að vinna á hegðunarvanda barna með ART þjálfun. Í því sambandi kom einnig fram að þátttaka þeirra leiddi oft af sér mun betri samskipti milli foreldranna og starfsfólks skólanna. Skólastjóri hafði þetta að segja um áhrif þátttöku foreldra í ART meðferðinni:

„Ég held bara sko það að foreldrarnir læra, þau fá tæki til að vinna með börnin. ...af því að þau eru kannski komin í þrot [í samskiptum sínum við barnið] eins og fleiri. Þau fá þarna leiðbeiningu um það hvernig þau geta tekið á málunum og þau ganga í takt við okkur í skólanum og við í takt við þau og það er bara alveg númer eitt, tvö og þrjú. Það er alveg með ólíkindum, af því að við erum kannski búin að þekkja þessa foreldra í mörg ár og búin að vera að vinna með þessi börn frá upphafi, hvernig viðhorf foreldra hefur breyst til barnanna.

Foreldrar pilta sem glímdu við tilfinninga- og hegðunarvanda tóku þátt í fjölskyldu-ART þjálfun. Að þeirra mati var þjálfunin lærdómsrík og þeir (foreldrarnir) sögðust enn beita aðferðum sem þeir lærðu þar eftir að eiginlegri meðferð lauk.

Í máli kennara og foreldra kom skýrt fram að foreldrar voru almennt mjög ánægðir með ART þjálfun barna sinna. Mörg dæmi voru nefnd þar sem foreldrar tjáðu sig að eigin frumkvæði um jákvæð áhrif ART á börn þeirra. Þá höfðu aðrir foreldrar óskað eftir að börn sín fengu slíka þjálfun. Foreldrar töldu að ART þjálfunin hefði góð áhrif á samskiptin heima fyrir, bæði við foreldra og systkini. Þannig sögðu foreldrar þeirra pilta, sem glímdu við mikinn hegðunarvanda, að erfið samskipti við systkini hefðu „snarskánað“ eða „orðið gjörbreyting á“. Að mati eins pilsins höfðu samskiptin heima „gengið ógurlega vel“ eftir að hann fékk þjálfun í ART:

Litli bróðir er hættur að vera svona uppþrengjandi... Bæði er hann búinn að breyta og svo horfi ég öðruvísi á hann. Hann er ekki alltaf að pirra mig.

Sjónarmið þeirra foreldra, sem höfðu tekið þátt í fjölskyldu-ART þjálfun með börnum sem áttu þó ekki við sambærilegan vanda að stríða og fyrrgreindir piltar, voru af sama meiði. Þjálfunin var þeim jafnt sem börnum þeirra gagnleg og auðveldaði samskipti þeirra á milli.

Þá nefndu sumir foreldranna að þátttaka þeirra sjálfra í ART þjálfun hefði reynst þeim persónulega gagnleg. Ein móðir hafði þetta um málið að segja:

Ég hafði mjög gott af þessu. Ég er mjög feimin og lokuð og ég lét mig hafa það að taka þátt í þessu... Maður bara tók á því en þetta var hrikalega erfitt.“

ART meðferðarteymið leggur ríka áherslu á þátttöku foreldra í ART þjálfun barna með tilfinninga- og hegðunarvanda með það fyrir augum að hámarka árangur þjálfunarinnar og tryggja yfirfærslu hennar á daglegt líf barnsins. Það er skoðun þeirra aðila sem koma að vanda þessara barna að þátttaka foreldra gegni veigamiklu hlutverki í þeim árangri sem næst. Þá virðast foreldrar almennt, jafnt barna með hegðunarvanda sem og annarra barna sem hafa tekið þátt í ART þjálfun, á þeirri skoðun að þjálfunin hafi nýst bæði foreldrum og börnum. Auk þess hefur hún jákvæð áhrif á samskipti barnsins, bæði við foreldra sem systkini.

Bekkjar- og skólastarf

Kennarar og skólastjórnendur voru á einu máli um að ART þjálfun hefði jákvæð áhrif á bekkjar- og skólastarf. Fyrir það fyrsta nefndu þeir að með betri stjórn á nemendum sem ættu við hegðunarvanda að stríða væri auðveldara að halda uppi aga og starfi í bekkjum. Kennari hafði þetta að segja:

Sko, þegar það er einn erfiður sem er að eittra rosalega út frá sér í litlum bekk, þá eiga hinir svólítið erfitt, þeir eiga ekkert voðalega gott líka. Bara út af einum. Og þegar allir fara í þetta þá eru allir að græða, þó svo að þessi eini græði kannski mest.

Þá var bent á að betri hegðun þessara barna skilaði sér í betri samskiptum og aga á skólagöngunum og skólalóðinni.

Í annan stað tiltóku þeir að ART þjálfun á bekkjarvísu auðveldaði til muna að halda uppi almennum aga og góðum samskiptum í skólastarfinu. Bæði kom fram að almennt hefðu nemendur gott af og oft þörf fyrir slíka þjálfun, þótt þeir glímdu ekki við sérstakann hegðunarvanda og eins að þjálfun alls nemendahópsins styddi við þá sem væru að glíma við tilfinninga- og hegðunarvanda. Í því samhengi var talað um að mikilvægt væri að allir „töluðu sama tungumál“, þ.e. kennarar, nemendur, foreldrar og aðrir sem umgangast börn með slíkan vanda. Skólastjóri í grunnskóla þar sem bæði var verið að þjálfna nemendur í minni hópum en einnig á bekkjarvísu sagði að hvorutveggja gengi „alveg stórvel“ og að sér þætti þetta hafa góð áhrif á allan skólabrag. Markmið þessa skólastjóra var að allt starfsfólk skólans færi á námskeið í ART þjálfun og að allir nemendur fengju slíka þjálfun. Með því móti yrði ART aðferðin „skólabragur“ í skólanum.

Þeir skólastjórnendur og kennarar sem rætt var við sögðu almennt ríkja mikinn áhuga á ART þjálfun meðal starfsfólks í skólanum. Þeir nefndu að sumir kennarar sem ekki hefðu farið á námskeið í ART

biðu eftir tækifæri til að komast á slíkt námskeið þar sem þeir höfðu séð árangurinn hjá nemendum sínum sem höfðu fengið ART þjálfun.

Í samræðum við kennara og skólastjórnendur kom fram að þjálfun í aga- og bekkjarstjórnun væri af skornum skammti, bæði í kennara- og leikskólakennaranámi. Kennari hafði til að mynda eftirfarandi að segja í þessu sambandi:

Kennarar hafa líka svo lengi kvartað yfir því að það er þú veist að skólinn sé fyrir alla og „menntun án aðgreiningar“ og allt það, að svona venjulegir kennarar hafa ekkert alltaf haft tól og tæki til þess að glíma við öll þessi vandamál. Og þegar við erum með alla flóruna inn í þessum venjulegum skólum að þá þurfum við að hafa eitthvað sem okkur finnst virka. Eitthvað svona sem að er samræmt, sem allir geti gripið í og virkar...

Sambærilega niðurstöðu má einnig sjá í nýrri skýrslu sem Félagsvísindastofnun HÍ vann fyrir menntamálaráðuneytið í apríl 2009. Skýrslan *Staða lestrarkennslu í íslenskum grunnskólum* byggist á viðtölum við á sjötta tug grunnskólakennara, skólastjórnenda og sérfræðinga við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Kennaradeild Háskólans á Akureyri. Í skýrslunni kemur skýrt fram sú afstaða að þjálfun í aga- og bekkjarstjórnun fjölbreytts nemendahóps er af skornum skammti í menntun grunnskólakennara.

Það sem einnig vakti athygli í samtölum okkar við kennara var sú skoðun þeirra að ART þjálfun skapaði ekki bara betri aga og samskipti almennt í skólastarfinu heldur myndaðist mikill trúnaður, nánd og vinskapur milli barna í ART hópunum og við kennarana, bæði í ART vinnu í grunnskólunum og í leikskólunum. Leikskólakennari sagði að það væri „...miklu meiri nánd við ART börnin. Þau bara koma örðuvísi fram“. Þá kom fram að í ART tímunum lærðu þau að tjá sig og setja sig í spor annarra, einkum með hlutverkaleik. Grunnskólakennari hafði eftirfarandi að segja og aðrir tóku undir það:

Mér finnst líka áður en þau fara í þetta, þá eru þau svo sjálfhverf, skilurðu, en þarna opnast það að aðrir hafa tilfinningar, aðrir hafa skoðanir og þau læra einhvern veginn að virða náungann.

Að mati kennara sem hafði ekki sjálfur reynslu af því að þjálfna börn í ART var það einkennandi fyrir þau börn sem taka þátt í ART þjálfun að þau ættu eitthvað sameiginlegt: „Það er svona, það er einhver heilagleiki í þessu“, sagði hann.

ART þjálfun barna virðist skila sér í bættu bekkjar- og skólastarfi. Kennarar og skólastjórnendur telja að ART sé árangursrík aðferð til að halda uppi aga og skapa góð samskipti í skólastarfi, ekki eingöngu með betri stjórn á hegðun barna sem glíma við hegðunarvanda, heldur einnig almennt meðal nemenda. Að þeirra mati skortir kennara almennt betri undirbúning í bekkjar- og agastjórnun. Eftir að hafa tileinkað sér ART aðferðina telja þeir sig hins vegar hafa yfir að ráða skilvirkri aðferð til að stýra fjölbreyttum hópi nemenda.

Gagn og gaman

Eitt sem virðist einkenna ART þjálfun sérstaklega er að þeir sem taka þátt í vinnunni, hvort sem það eru börn, foreldrar eða kennarar, þykir hún skemmtileg. Það kom skýrt fram hjá nær öllum viðmælendum okkar að fundir og kennslustundir þar sem ART þjálfun færi fram væru mjög skemmtilegar. Kennarar sögðu að nemendur litu upp til ART þjálfunar og að ART væri „flott“ í þeirra

huga. Kennari sem hafði þjálfað strákahóp í ART sagði þá „elska þessa tíma“ og að ef ART tími félli niður af einhverjum ástæðum þá yrðu þeir „rosalega fúlir“. Annar grunnskólakennari tiltók eftirfarandi til marks um ánægju nemenda með ART kennslustundirnar:

...þessir tímar eru yfirleitt síðustu tímarnir af deginum og þau eru náttúrulega öll keyrð heim með skólabílum hjá okkur. Og það er svo oft í þessum síðustu tímum sem þau vilja hætta fyrir, sleppa fyrir út.... En í ARTi þá er þetta iðulega þannig að bílarnir þurfa að bíða eftir þeim, því þau eru svo lengi út úr ARTi og vilja ekki hætta.

Þau börn og ungmenni sem talað var við staðfestu það sem kom fram í samtölum við kennarana og skólastjórnendur. Að þeirra mati var ART „skemmtilegt“ og jafnvel „geðveikt gaman“ og „...ef það var leiðinlegt, þá var það ekkert alltof leiðinlegt.“ Í samantektarskýrslu¹ í lok ART námskeiðs kennara sem þjálfaði bekk í ART er greint frá niðurstöðum spurningakönnunar sem kennarinn lagði fyrir nemendahópinn um reynsluna af ART þjálfuninni. Í skýrslunni kemur fram að öllum nemendum þótti mjög eða frekar gaman í ART tímum. Næstum öllum nemendum þótti skemmtilegt að taka þátt í öllum þáttum þjálfunarinnar, hvort sem það var þjálfun í félagsfærni, reiðistjórnun eða siðferðis-þjálfun. Þá þótti þeim langflestum þjálfunin vera gagnleg. Nær allir nemendurnir vildu halda áfram í ART þjálfun.

Kennarar og skólastjórnendur töluðu einnig um að þeir nemendur sem ekki hefðu „farið í ART“ væru mjög áhugasamir og spyrðu: „Hvenær megum við fara í ART?“. Að mati kennara skynja nemendur hvað ART þjálfun er skemmtileg og „uppbyggjandi og lærdómsrík“.

Þá höfðu foreldrar sem tekið höfðu þátt í ART þjálfun með börnum sínum sömu sögu að segja um að þjálfunin væri bæði gagnleg og skemmtileg. Þetta kemur til að mynda glöggt fram í ummælum móður:

Þetta er bara skemmtilega uppsett og þegar við vorum með strákunum, þetta er bara gaman. Þetta er bara, ég veit ekki hvernig ég á að orða það öðruvísi, þetta er bara gagnlegt og gaman.

Það er ljóst af samtölum við þátttakendur í ART á Suðurlandi að ART þjálfun nemenda og fjölskyldna hefur almennt mælst vel fyrir og þykir einkar skemmtileg. Alla jafna virðast nemendur og foreldrar hafa bæði gagn og gaman af þjálfuninni og að sögn kennara og skólastjórnenda gætir oft ákveðinnar óþreyju meðal nemenda, sem ekki hafa sótt slíkar kennslustundir, að fá tækifæri til þess.

Forvarnargildi ART þjálfunar

Umfjöllunin hér að ofan um margvísleg áhrif ART þjálfunar styður við þá sýn að ART þjálfun hafi forvarnargildi á ýmsum sviðum og í ólíkum hópum. Fyrir það fyrsta voru margir sannfærðir um að ART þjálfun barna og ungmenna með alvarlegan tilfinninga- og hegðunarvanda drægi úr líkum á því að vandi þeirra yrði enn meiri, þau kæmst í kast við lögin og leiddust út í glæpi og vímuefnamisnotkun. Skólastjóri orðaði það með eftirfarandi hætti: „Maður sér nefnilega fyrir sér, ARTið gæti minnkað þessi stóru tilfelli, sko“. Fulltrúi félagsþjónustu var sannfærður um að ef öll börn undir 8 ára aldri fengju ART þjálfun, þá myndi barnaverndarmálum hjá félagsþjónustunni fækka. Framkvæmdastjóri skólaskrifstofunnar sagði að ART þjálfunin hefði einnig mikilvægt forvarnargildi fyrir þennan hóp

¹ Kennarar og aðrir þeir sem sækja námskeið í ART þjálfun hjá ART teyminu skila samantektarskýrslu í lok námskeiðs um þjálfun þess hóps barna sem unnið var með í tengslum við námskeiðið.

barna og ungmenna. Að mati framkvæmdastjórans er ástand sumra barna alvarlegt og með ART þjálfun sé verið að „forða þeim frá því að lenda í refsikerfinu“. Í þessu sambandi vildi framkvæmdastjórinn meina að ef ART verkefnið væri ekki til staðar „...þá væru þau að þvælast um svona stefnulaust í kerfinu af því að það væru ekki til úrræði“.

Eins og áður hefur komið fannst skólustjórnendum og kennurum ART þjálfun hafa haft góð áhrif á þau börn sem eru feimin og lokuð en valda ekki beinlínis truflun í skólasterfinu. Framkvæmdastjóra skólaskrifstofunnar tiltók sambærilegan hóp barna og ungmenna sem ART þjálfun hefði einnig mikilvægt forvarnargildi fyrir:

...þetta er að hjálpa á svo mörgum sviðum, ekki bara þessum krökkum sem að eru að trufla í kennslustund, auðvitað eru þau aðal „targetið“ hjá kennurunum, heldur líka hjá þessum krökkum sem að líða í gegnum grunnskólann, en þau trufla ekki. Halda sig til hlés en svo rekstu á þetta þegar þau fara að skrópa þegar þau eru komin í efstu stig grunnskólans, standa sig illa og vanlíðanin orðin alltof mikið. En hafa ekki truflað. Það er talað mjög mikið um stelpur í þessu samhengi. Strákar hafa mikið truflað en stelpur eru frekar í hinum hópnum.

Það var almenn skoðun að allir hefðu gott af ART þjálfun. Talað var um að ART þjálfun skilaði „hreinlega heilbrigðari einstaklingum út í lífið“. Þannig taldi til að mynda skólustjóri að ART þjálfun nýttist börnum til framtíðar og við uppeldi eigin barna:

Maður sér líka bara fyrir sér að þegar að þessir krakkar eru orðin fullorðin og fara sjálf að eignast börn. Þarna eru þau bara komin með tól sem þau geta notað bara í uppeldinu þannig að maður getur séð að þetta skili sér alveg svona áfram.

Að mati aðstandenda og þátttakenda ART á Suðurlandi er ART þjálfun öflug forvörn fyrir börn og ungmenni. Í því sambandi eru nefnd þau börn sem glíma við alvarleg tilfinninga- og hegðunarsvandkvæði og þau sem eru feimin, lokuð og halda sig til hlés í skólasterfinu. Þá er leitt að því líkum að þjálfunin nýttist börnum almennt í lífinu og við uppeldi eigin barna.

ART teymið

Eftir að Gaulverjaskóli var lagður af og starfsemi ART á Suðurlandi var færð út í almenna skólakerfið á Suðurlandi hafa þrír starfsmenn verkefnisins, í samtals tveimur og hálfu stöðugildi, borið hitann og þungann af starfseminni. Að mati Kristínar Hreinsdóttur, framkvæmdastjóra Skólaskrifstofu Suðurlands, fór verkefnið ekki „rífandi að ganga“ fyrr en Bjarni Bjarnason, hugrænn atferlisfræðingur, var ráðinn árið 2007 en hann hafði nokkurra ára reynslu af ART þjálfun frá Svíþjóð. Eins og Kristín orðar það:

...hann bara lifir fyrir þetta, bara brennur fyrir þetta og þarna fékk ég féлага í þessu baráttustarfi og hann var fljótur að koma þessu í fúnkerandi horf... . Ég geri mér grein fyrir því að við værum ekki komin svona langt ef við hefðum ekki fengið Bjarna. Hann er snillingur og hans fólk.

Starf teymisins hefur verið umfangsmikið. Teymið sér um þjálfun kennara, bæði grunn- og leikskólakennara, sem og annars fagfólks. Þjálfunin felst annars vegar í formlegu námskeiðahaldi og hins vegar í stuðningi og frekari handleiðslu að námskeiði loknu. Kennarar og skólustjórnendur voru á einu máli um að starfsemi teymisins og sá stuðningur og handleiðsla sem teymið veitir væri afar

mikilvæg. Að þeirra mati fólst ákveðið átak í því fyrir kennara að hefja þjálfun nemenda í ART og því væri góður stuðningur og handleiðsla að hálfu teymisins nauðsynlegur. Í þessu sambandi sagði grunnskólakennari eftirfarandi:

Því að náttúrulega kennarinn, þó að hann sé orðinn ART kennari þá er hann náttúrulega á kafi í sinni kennslu og sínu skipulagi og allt það. En bara að geta haft þetta fólk til að geta hringt í og bara að spyrja og svona leita til.

Annar kennari talaði um að það væri „mikið hringt í þau [teymið] í skólanum og þau eru mikið kölluð til. Þau eru mjög sjáanleg í skólanum hjá okkur“. Aðrir kennarar og skólastjórnendur töluðu um að stuðningurinn og handleiðslan hefði einkum farið fram með símtölum og í gegnum vefpóst, enda oft langar vegalengdir að fara. Svo virðist sem mikil ánægja sé með stuðning og handleiðslu teymisins eins og má sjá á eftirfarandi ummælum skólastjóra:

Þau eru náttúrulega líka alveg stórkostleg sko teymið, þetta ART teymi. ...þú nærð alltaf á eitthvert þeirra [hinar taka undir það], ef þú þarft að spyrja. Þau eru alltaf í viðbragðsstöðu og ofboðslega leiðandi og hjálpleg.

Eins og áður hefur komið fram hafa 150 kennarar og annað fagfólk á Suðurlandi lokið námskeiði í ART þjálfun og ráðgert er að tæplega 50 til viðbótar sækji námskeið á komandi hausti.

Auk námskeiðahalds og eftirfylgni með þeim sem lært hafa ART þjálfun, sér ART teymið um alla meðferð á börnum sem glíma við tilfinninga- og hegðunarvanda. Þannig hefur teymið hitt börn og fjölskyldur þeirra reglubundið í fjölskyldu-ART þjálfun og sett upp fundi, oft reglubundna, með fulltrúum skólans, fjölskyldu og öðrum fagaðilum sem koma við sögu hverju sinni (s.s. félagsþjónustu eða barnavernd). Utan þess hafa þessir aðilar, hvort sem það er barn, fjölskylda þess eða kennarar og skólastjórnendur, haft aðgang að handleiðslu teymisins. Að mati skólastjóra er mikilvægt að fá þjónustu sérfræðinga út í skólana, það væri „allt annað en að hitta einhvern einhversstaðar á skrifstofu út í bæ“. Að mati foreldra þeirra barna sem talað var við sem höfðu verið í meðferð hjá ART teyminu, hafði starfsfólk teymisins reynst þeim afar vel. Sérstaklega var tekið fram að aðgengi að þeim væri mikið og að börnin bæru mikið traust til þeirra. Faðir pilts sagði í þessu sambandi:

Eins og ég segi, þessi þrjú sem eru hérna, þetta er snilld! Bara ef maður horfir á þeyjann hjá okkur og bara hvað er búíð að gerast hjá okkur á bara tveimur árum. Dreng sem að flestir voru bara alveg að gefast upp á að vera nálægt.

Fulltrúi félagsþjónustu og deildarstjóri sérdeildar voru á sama máli. Töluverð samvinna hafði verið við starfsfólk teymisins og gekk sú samvinna vel og var „rosalega flott“.

Auk þess sem þegar hefur verið nefnt sér ART teymið um að kynna verkefnið og ART aðferðina í skólum, stofnunum og foreldrahópum svo dæmi séu tekin. Sömuleiðis hefur teymið kynnt verkefnið utan Suðurlands, í sveitarfélögum og meðal skólafólks á nokkrum stöðum hér og þar á landinu. Teymið þjálfar nú hóp kennara og fagfólks í ART í Norðurþingi og mun þjálfa annan hóp á Austurlandi í haust.

ART teymið hefur unnið umfangsmikið starf á þeim stutta tíma sem verkefnið hefur staðið yfir. Teymið hefur fyrir það fyrsta þjálfað stóran hóp starfsfólks í skólum og stofnunum á Suðurlandi í ART og heldur um þessar mundir slík námskeið á fleiri stöðum á landinu. Það var einróma skoðun

viðmælenda að ART teymið gegndi veigamiklu hlutverki í því að koma ART þjálfun á koppinn í skólum og með stuðningi þeirra og handleiðslu væri líklegra að ART þjálfun næði fótfestu í skólastarfinu. Sömuleiðis hefur ART teymið sinnt meðferð umtalsverðs fjölda barna sem glíma við tilfinninga- og hegðunarvanda. Að mati skólastjórnenda, kennara, foreldra og annars fagfólks sem koma að málum þessara barna, hefur teymið unnið öflugt og ómissandi starf í meðferð þeirra. Sömuleiðis hefur teymið unnið umtalsvert kynningarstarf á verkefninu og ART aðferðinni, bæði á Suðurlandi og á nokkrum stöðum víðsvegar um landið.

Áhersla á samvinnu

Af ummælum þeirra aðila sem standa að ART á Suðurlandi að dæma er kosturinn við ART þjálfunar- aðferðina meðal annars sá að allir geta nýtt sér þessa aðferð, hvort sem það eru foreldrar, kennarar, sálfræðingar, sérkennarar, þroskaþjálfar eða stuðningsfulltrúar svo dæmi séu tekin. Undir þetta sjónarmið tóku kennarar og skólastjórnendur sem töldu mikilvægt að sem flest starfsfólk skóla hefði þekkingu á aðferðinni og gæti beitt henni í störfum sínum.

Að sama skapi var lögð áhersla á að sem flestir sem kæmu að meðferð og þjónustu við börn með tilfinninga- og hegðunarvanda hefðu þekkingu á ART aðferðinni. Með þeim hætti væri hægt að skapa samstarf og teymi um einstaklinginn og fjölskyldu hans á breiðum grunni. Þannig væri stuðlað að því að yfirfærsla þjálfunarinnar yrði sem mest og næði yfir sem flestar aðstæður.

ART aðferðin hefur þann kost að allir sem koma að umönnun og þjónustu við börn geta tileinkað sér aðferðina, óháð fagstétt. Það er mat þátttakenda að mikilvægt sé að sem flest starfsfólk skóla, aðrir fagaðilar og foreldrar geti beitt aðferðinni í þeirri viðleitni að tryggja yfirfærslu þjálfunarinnar í sem flestum aðstæðum barna og ungmenna.

Um ART og aðrar aðferðir

Ljóst er að í skólastarfi víðsvegar um landið er verið að prófa sig áfram með og beita mismunandi aðferðum eða hugmyndafræði. Flestar þessar aðferðir hafa það að markmiði að þroska nemendur, auka ábyrgðarkennd þeirra og sjálfsaga, stuðla að betri hegðun, samskiptum og félagsfærni svo eitthvað sé nefnt. Í samtölum okkar við þátttakendur í ART á Suðurlandi og aðra fagaðila voru nokkrar aðferðir nefndar í þessu samhengi, s.s. Vitþroskanám (Bright Start), Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga (Restitution – Self Discipline), PMT – foreldrafærni (Parent Management Training), MST fjölþáttameðferð (Multisystemic Therapy) og SOS uppeldisþjálfun.

Að mati forsvarsmanna ART á Suðurlandi er auðveldlega hægt að beita ART þjálfun í skólastarfi samhliða öðrum aðferðum. Til að mynda vinnur Laugalandsskóli út frá Bright Start hugmyndafræðinni en jafnframt fer þar fram öflugt starf í innleiðingu ART þjálfunar.

Í samtali við deildarskjóra skóladeildar Akureyrarbæjar eiga flestar þær aðferðir sem um ræðir það sameiginlegt að vera einskonar „verkfærakistur“. Þessar kistur bjóða upp á hagnýtar leiðir til að þjálfa hegðun eða færni þar sem áhersla er lögð á að nálgast einstaklinginn á jákvæðan hátt. Að hans mati er ART ein slík aðferð sem hefur það þó umfram hinar að einkennast af ákveðnu „frjálsræði“ á þann hátt að hægt er að beita henni á einstaklingsvísu, í litlum hópum, á bekkjarvísu eða á skólavísu.

Að sögn deildarstjórans hafa grunnskólar á Akureyri unnið að því að innleiða slíkar aðferðir í skólafarfið, einkum PMT – foreldrafærni og Uppeldi til ábyrgðar. Það er mat hans að notkun þessara aðferða í skólafarfinu sé að skila sér í fækkun barna með alvarleg tilfinninga- og hegðunarvandkvæði og minni þörf sé því á sérúrræðum eins og í Hlíðarskóla. Að mati deildarstjórans eru grunnskólarnir með þessum úrræðum að ná fyrr til þeirra barna og ungmenna sem eru í áhættu og „mál eru ekki látin dankast“. Þannig eru forvarnirnar öflugri en áður sem skilar sér í færri erfiðum málum þegar frá líður. Það er skoðun deildarstjórans að ekki eigi að einblína á eina tiltekna aðferð heldur felist styrkur í því fyrir hvert samfélag að bjóða upp á fleiri en eina viðurkennda aðferð. Sömuleiðis var það mat deildarstjóra sérdeildar á Suðurlandi að ART aðferðin væri „góð viðbót“ við það starf sem fyrir væri.

Í skólafarfi viðsvegar um landið er starfsfólk að prófa sig áfram með og beita mismunandi aðferðum eða hugmyndafræði. ART þjálfunaraðferðin er ein þessara aðferða. Að mati deildarstjóra skóladeildar Akureyrarbæjar eiga flestar þessar aðferðir það sameiginlegt að áhersla er lögð á að nálgast einstaklinginn á jákvæðan hátt og bjóða upp á hagnýtar aðferðir til að takast á við hegðunavanda. Það er mat deildarstjórans að erfitt sé að gera upp á milli aðferða um það hversu miklum árangri þær skili og að mikilvægt sé að fleiri en ein viðurkennd aðferð standi til boða.

Hindranir í starfsemi ART á Suðurlandi

Í máli framkvæmdastjóra skólaskrifstofu Suðurlands kom fram að skrifstofan hefði ekki stjórnásluvald yfir skólafarfunum á Suðurlandi og því gæti skólaskrifstofan ekki þvingað skólafarjendur til að innleiða ART þjálfun í skólana. Þannig sagði hún að skólaskrifstofan og aðstandendur verkefnissins þyrftu að „selja“ starfsfólki og skólafarjendum verkefnið og það væri mikil áskorun.

Eins og fram hefur komið hafa flestir grunnskólanna á Suðurlandi og stór hluti leikskóla á að skipa starfsfólki sem hefur réttindi til að þjálfna börn og ungmenni í ART. Í samtali við skólafarjendur í grunnskóla á Suðurlandi þar sem tveir kennaranna höfðu fengið ART þjálfun fljótlega eftir að verkefnið fór af stað, kom fram að ART-ið hafði ekki náð fótfestu í skólanum. Skólafarjendur töldu að ástæður þess væru einkum þrennskonar. Í fyrsta lagi urðu langvarandi leyfi þessara tilteknu kennara verkefninu fjötur um fót. Í öðru lagi töldu þeir að agastjórnunaraðferðir Bright Start hugmyndafræðinnar, sem skólinn hefur innleitt, væru fullnægjandi. Og í þriðja lagi töldu þeir að sú áhersla sem lögð væri á umbun í formi veitinga í þátttöku í ART samræmdist ekki hugmyndafræði skólans. Í samtölum okkar við verkefnisstjóra ART á Suðurlandi, kennara og aðra skólafarjendur kom aftur á móti skýrt fram að veitingar í lok ART tíma hefðu lítið vægi og væru oft ekki til staðar.

Að mati þátttakenda var almennt ekki fyrirstaða að fá bæði börn og foreldra til að taka þátt í ART þjálfun. Eins og fram hefur komið eru margir nemendur áhugasamir um ART tímana og óska eftir því að fá tækifæri til að taka þátt í slíkri þjálfun. Þá var talað um að börn og foreldrar væru almennt áhugasamir og þætti ART þjálfunin skemmtileg þegar þau væru komin af stað í henni. Fyrir foreldra barna og ungmenna sem glímdu við erfiðan tilfinninga- og hegðunavanda var ART meðferð langþráð úrræði og því stóð almennt ekki á því að fá þau til að taka þátt í ART þjálfun. Þeir sem þjálfuðu þessi börn í ART sögðu hins vegar að sum þeirra væru ekki tilbúin til að taka þátt í ART þjálfun. Þannig væru sumir „rosalega neikvæðir“ og „náttúrulega héldu að þeir væru allir að fara þarna því þeir væru svo vondir og óþekkir“. Þessa afstöðu töldu þau hins vegar breytast fljótlega til betri vegar eftir ART þjálfunin hófst.

Kennarar og skólastjórnendur í grunnskólum töldu að „tími og peningar“ gætu helst komið í veg fyrir eða hindrað að ART þjálfun næði fótfestu í skólastarfinu. Þannig var nefnt að það færu ákveðnir tímar á viku í þetta og að það þyrfti að kosta til þjálfunar starfsfólks með námskeiðssókn. Auk þess var tiltekið að í ART tímum væru tveir kennarar hverju sinni sem væru til staðar í bekk eða hópi. Þá kom fram að haldnir væru reglubundnir teymisfundir, oft vikulegir, í þeim tilfellum þar sem verið væri að þjálfa börn með hegðunarvanda og fjölskyldur þeirra. Þar kæmu til dæmis saman umsjónarkennari, skólastjórnendur og fulltrúar félagsþjónustu eða barnaverndar. Skólastjórnendur voru sammála því að þrátt fyrir þennan tilkostnað væri það þess virði að innleiða ART þjálfun í skólastarfið. Í þessu sambandi sagði skólastjóri:

En þegar maður sér hvað þetta virkar vel, þá vill maður náttúrulega gjarnan innleiða þetta. En það er með allt svona sem virkar vel og er gott og skilar bara hreinlega heilbrigðari einstaklingum út í lífið, auðvitað þurfum við að kosta einhverju til.

Á hinn bóginn kom fram að leikskólar þyrftu ekki að leggja út í mikinn kostnað við innleiðingu ART þjálfunar í leikskólastarfið. Í þessu sambandi talaði leikskólastjóri um að ekki þyrfti að kosta neinu til í tækjabúnað eða gögn. Það eina sem þyrfti væri námskeið starfsfólks en á móti kæmi að hægt væri að sækja styrki í símenntunarsjóði.

Eins og fram kemur í kaflanum um ART teymið töluðu foreldrar, kennarar, skólastjórnendur eða aðrir fagaðilar um að stuðningur og handleiðsla ART teymisins skipti miklu um það hvernig til tækist með þjálfun nemenda í ART og innleiðingu þess í skólastarfið. Þannig kom fram að mikilvægt væri að ART teymið hefði fjármagn til að halda áfram starfsemi sinni. Í því sambandi sagði fulltrúi félagsþjónustu eftirfarandi:

...ef þetta ART teymi myndi fara, þá væri þetta í rauninni ekki framkvæmanlegt. ... Nú ef það færi, þá væri eitthvað smotteri en það væri aldrei jafn sterkt og annars. Og kannski myndi þetta bara lognast út af.

Í máli framkvæmdastjóra skólaskrifstofunnar og verkefnisstjóra ART á Suðurlandi kom fram að skortur á fjármagni kæmi niður á núverandi starfsemi ART teymisins. Starfsfólk hefði dregið úr vinnuframlagi árið 2009 með því að lækka starfshlutfall og lengja sumarfrí til að draga úr launakostnaði. Framkvæmdastjóri skólaskrifstofunnar vildi meina að óvissan væri „skelfileg“ og að vonast væri til að fjármagnið nægði fram í október, en að óbreyttu yrðu þau að hætta með verkefnið.

Skólaskrifstofa Suðurlands hefur ekki stjórnýsluvald yfir skólastofnunum á Suðurlandi og getur því ekki krafist þess að ART þjálfun sé innleidd í starfsemi skólanna. Aðstandendur verkefnisins hafa því þurft að afla verkefninu fylgis í skólum og stofnunum. Í einstaka tilvikum hefur það ekki tekist sem skyldi.

Almennt virðist ekki vera andstaða meðal nemenda og foreldra að hefja þjálfun í ART. Skólastjórnendur eru þeirrar skoðunar að ART þjálfun feli í sér aukinn fjárhagslegan kostnað fyrir skólana sem þeir telja þess virði, sé litið til þess árangurs sem þjálfunin leiðir af sér.

Skólastjórnendur og aðrir fagaðilar telja mikilvægt að starfsemi ART teymisins sé til staðar og að hætta sé á að verkefnið leggist af í þeim skólum og stofnunum þar sem það er komið af stað ef teymisins njóti ekki lengur við. Aðstandendur ART á Suðurlandi hafa miklar áhyggjur af frekari fjármögnun verkefnisins.

Framhaldið

Athygli vakti að þeir kennarar, skólastjórnendur og fagaðilar sem talað var við og höfðu tileinkað sér ART þjálfunaraðferðina höfðu almennt eindregin áform um að halda áfram að þróa og innleiða ART þjálfun. Til frekara marks um það eru margir grunn- og leikskólanna jafnt og þétt fjölga í hópi starfsfólks sem hefur lokið námskeiði í ART þjálfun. Tveir skólanna höfðu til dæmis sótt um styrki til að senda allt starfsfólk sitt á ART námskeið, sem ekki hafði þegar sótt slíkt námskeið. Eins og þegar hefur komið fram nefndi skólastjóri að markmiðið væri að ART þjálfun yrði „svona skólabragur“ í skólanum og að mati deildarstjóra sérdeildar er „...draumurinn, að svona ná að flétta þetta algjörlega inn í okkar starf“.

Nokkuð mismunandi var hvernig skólastjórnendur og kennarar höfðu hug á að útfæra ART þjálfun í skólastarfinu. Til dæmis tiltók kennari að ætlunin væri að hafa Bekkjar-ART fast í stundatöflu á meðan aðrir sögðust nýta lífsleiknikennslustundir tímabundið í ART þjálfun. Grunnskólakennari sá fyrir sér að allir bekkir skólans ættu að fá námskeið í ART þjálfun sem síðan yrði haldið við með reglubundnum hætti. Í sumum skólum fór ART þjálfun fram í minni hópum og í öðrum var stefnan að auka verulega Bekkjar-ART og fjölga sömuleiðis börnum í Fjölskyldu-ART þjálfun. Í leikskóla var markmiðið að öll börn eldri en 5 ára færu í gegnum 12 vikna ART þjálfun. Að mati verkefnisstjóra ART á Suðurlandi væri ákjósanlegt að öll börn færu einu sinni í gegnum ART þjálfunarferli á hverju skólastigi fyrir sig; einu sinni á leikskólastigi, grunnstigi, miðstigi og efsta stigi. Skólastjóri nefndi einnig að hann sæi fyrir sér að þetta yrði kennt á hverju skólastigi.

Af ummælum kennara, skólastjórnenda og annara fagaðila að dæma er ART þjálfun komin til að vera í skólastarfi á Suðurlandi og í starfi með börn og ungmenni sem glíma við tilfinninga- og hegðunarvanda. Almennt voru skýr áform um að þróa frekar og innleiða ART þjálfun í starfsemi þeirra. Í þessu sambandi var mikilvægi ART teymisins ítrekað, en eins og komið hefur fram höfðu margir áhyggjur af því að frekari þróun og innleiðing ART þjálfunar myndi lognast út af nyti þess ekki við.

Lokaorð

Ætla má að sá árangur sem hefur orðið af verkefninu ART á Suðurlandi í skólastarfi og í þjálfun barna sem glíma við tilfinninga- og hegðunarvanda megi eigna mörgum ólíkum þáttum. Af ummælum þátttakenda má ætla að eiginleikar ART aðferðarinnar skipti þar miklu, en aðferðin virðist einföld, hagnýt og flestir geta tileinkað sér hana. Sömuleiðis fær aðferðin þá umsögn að þjálfun í henni sé skemmtileg og uppbyggileg og dragi ekki einungis úr ofbeldisfullri og erfiðri hegðun heldur byggji hún einnig upp sjálfstraust og almenna félagsfærni. Þannig virðist ART aðferðin höfða til fjölbreytts hóps barna og ungmenna.

Gengi verkefnis af því tagi sem ART á Suðurlandi er veltur ekki hvað síst á þeim einstaklingum og aðilum sem standa að verkefninu og sjá um að vinna því brautargengi. Það er mat þátttakenda að starfsfólk ART teymisins hafi reynst einkar mikilvægt í þjálfun og handleiðslu. Einnig er það umsögn foreldra barna sem glíma við tilfinninga- og hegðunarvanda og fleiri að meðferðarstarf þeirra og eftirfylgni sé til fyrirmyndar og skipti miklu um þann árangur sem hefur náðst með þessi börn. Þá ber fjöldi starfsfólks skóla og stofnana sem hefur sótt námskeið í ART þjálfun, sem og skráningar á slík námskeið teymisins á komandi hausti, vitni um öfluga starfsemi og áhuga skólafólks og annars fagfólks á því að nýta ART aðferðina í starfi með börn og ungmenni.

Þrátt fyrir að umsagnir viðmælenda gefi til kynna að þeir merki fljótt árangur af ART þjálfun í starfi sínu með börn og ungmenni er ljóst að í sumum tilvikum krefst vandi barna sérúrræða og í öðrum tilvikum þarfnast einstaklingurinn ART þjálfunar og eftirfylgni í lengri tíma. Engu að síður virðist ART þjálfun skila sér tiltölulega fljótt í bættri hegðun og samskiptum barna með tilfinninga- og hegðunarvanda þannig að þau geta sótt sinn heimaskóla og þrífast betur í sínu umhverfi.

Heimildir

- Auður Magnús Leiknisdóttir, Hrefna Guðmundsdóttir, Ágústa Edda Björnsdóttir, Heiður Hrund Jónsdóttir og Friðrik H. Jónsson. (2009). *Staða lestrarkennslu í íslenskun grunnskólum*. (Skýrsla unnin fyrir menntamálaráðuneytið). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
- Goldstein, A. P., Glick, B., and Gibbs, J. C. (1998). *Aggression Replacement Training: A Comprehensive Intervention for Aggressive Youth*. Champaign, IL: Research Press.
- Gundersen, K. Og Svartdal, F. (2006). Aggression replacement training in Norway: Outcome evaluation of 11 Norwegian student projects. *Scandinavian Journal of Educational Research* , 50 (1), 63-81.
- Nugent, W. R., Bruley, C. og Allen, P. (1999). The effects of aggression replacement training on male and female antisocial behaviour. *Research on Social Work Practice*, 9(4), 466-482.